

Ed.

749. Nefndarálit

[186. mál]

um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á allmörgum fundum og fengið til viðtals nokkra af þeim mönnum, sem málið varðar sérstaklega.

Enn fremur hafa undirritaðir rætt við menn frá ýmsum samtökum kennara og nemenda í því skyni að auka skilning sinn á þeirri breytingu, sem á kennaramenntun verður eftir lögfestingu frumvarpsákvæðanna.

Niðurstaða okkar er sú, að þeirri stefnu beri að fagna, sem lýsir sér í frumvarpinu, að bæta menntunarskilyrði þeirra, sem óska að búa sig undir kennarastarf. Á hinn bóginn virðist okkur, að við svo gagnæra breytingu sem hér um ræðir komi fram margvísleg framkvæmdaatriði, sem eðlilegt sé, að reynslan ein geti skorið úr um, hvernig bezt verði fyrir komið.

Því leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 31. marz 1971.

Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson.
frsm.